



Farsótt í mars
2009.



Spítali Reykjavíkur (Farsótt), Píngholtsstræti 25



**Jón Ólafur
Ísberg**

sagnfræðingur

jonolafur@althingi.is

Árið 1863 var stofnað sjúkrahúsfélag í Reykjavík sem hafði það markmið að byggja eða kaupa hús fyrir sjúkrahús og reka það. Árið 1866 hóf Sjúkrahúsfélag Reykjavíkur rekstur fyrsta sjúkrahússins í bænum í húsi Klúbbsins við suðurenda Aðalstrætis, þar sem nú er Hjálpræðisherinn, en félagið hafði fengið húsið að gjöf frá Siemens kaupmanni. Klúbburinn var eitt helsta samkomu- og veitingahús bæjarins og þótti það nokkuð sérkennilegt sambyli að sjúkrahús væri á efri hæðinni en skemmtistaður á neðri hæðinni. Rekstur sjúkrahússins gekk treglega þrátt fyrir opinber framlög og ríflega styrki frá einkaaðilum enda ekki nægilega margir íbúar í bænum. Þrátt fyrir það var ákveðið að ráðast í byggingu nýs sjúkrahúss. Sjúkrahúsið var byggt eftir teikningu Helga Helgasonar trésmíðs og tónskálds, og var tilbúið árið 1884 og stendur á horni Spítalastígs sem fékk nafn sitt af sjúkrahúsinu og Píngholtsstræti.

Blaðið *Ísafold* lýsti sjúkrahúsinu þannig:

Það er snoturt hús þessi ný spítali en æði smásmíðislegur, svona kannske á borð við íbúðarhús í vænna meðallagi. Fjórtnán herbergisholur að meðtöldum þakklefum á efsta lofti. Það hlýtur að þurfa bæði heppni og lag til að hrinda svo af sér aðsókn sjúklunga að slík kytra reynist ekki von bráðar mikið til of lítil þegar hún á að rúma lækna skólann líka og eitt herbergi þar á ofan ætlað almenningi til að lauga sig í.

Þetta gerðu Reykvíkingar og aðkomufólk sér að góðu í tæp 20 ár því þetta var eini spítalinn í bænum. Aðsóknin að sjúkrahúsinu var alla tíð dræm enda vantaði sæmilega efnaða millistétt í Reykjavík sem vildi sækja þangað þjónustu. „Fátæklingarnir hafa ekki efni á að vera þar og efnað fólk vill ekki vera þar“ og þess vegna töldu lækna og aðrir baráttumenn fyrir breytingum á samfélagsháttum nauðsynlegt að gera sjúkrahúsdvölinu gjaldfrjálsa til þess að hægt væri að sinna efnalítum íbúum bæjarins.

Árið 1876 var Læknaskólinn stofnaður en eitt af skilyrðum fyrir læknisleyfi var að fara í

framhaldsnám til Danmerkur, einkum til að kynnast starfsemi sjúkrahúsa. Þessi krafa breyttist ekki þrátt fyrir stofnun sjúkrahússins enda var starfsemin þar ekki það umfangsmikil að hún teldist nægileg verðandi læknum. Íslenska læknanámið á 19. öld skorti því miður trausta fræðilega þekkingu til að standast samanburð við það sem var að gerast í nágrannalöndunum á sama tíma en sem betur fer menntuðust margir erlendis og komu heim með nýja þekkingu auk þess sem staðið var fast á kröfunni um framhaldsnám erlendis.

Sjúkrahúsrekstri var hætt árið 1902 þegar Landakotsspítali tók til starfa og var húsið einkum notað til íbúðar næstu árin. Bærinn tók við öllum eignum Sjúkrahúsfélagsins árið 1910 með ýmsum skilyrðum sem meðal annars lutu að því að byggja nýtt sjúkrahús. Árið 1920 keypti Reykjavíkurbær húsið og hóf rekstur sjúkrahúss. Það var þó einkum ætlað fyrir þá sem voru með næma smitsjúkdóma en skortur á allri aðstöðu hafði komið berlega í ljós þegar spænska veikin geisaði síðari hluta árs 1918. Vegna þessa hlutverks var það kallað Farsóttarhúsið og festist nafnið við það þótt hlutverk þess breyttist fljótlega. Ekki reyndist þörf fyrir sérstakt farsóttarhús og hús til einangrunar smitsjúklunga sem byggt var við Ánanaust 1906 virðist aldrei hafa verið notað. Um tíma var húsið berklasptáli en eftir því sem baráttan við berklana skilaði betri árangri fækkaði berklasjúklingum. Húsið var síðan notað sem hjúkrunar- og vistheimili fyrir geðsjúka og aðra sem ekki fengu inni á öðrum heilbrigðisstofnunum af ýmsum ástæðum. Árið 1969 lauk þeim rekstri þegar önnur og betri úrræði voru til staðar. Húsið hefur síðan verið athvarf fyrir áfengissjúklinga sem hvergi eiga höfði sínu að halla. Í þau 125 ár sem liðin eru frá því að sjúkrahúsrekstur hófst í húsinu að Píngholtsstræti 25 má segja að það hafi þjónað heilbrigðismálum með sóma.

Tekið saman að tilstuðlan *Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar* í tilefni af 100 ára afmæli Læknafélags Reykjavíkur, í október 2009